



Borgarráð

***Evrópusamstarf um kolefnislausar og snjallar borgir 2030 - erindisbréf***

Hjálagt erindisbréf stýrihóps um Evrópusamstarf um kolefnishlutlausar og snjallar borgir árið 2030 er lagt fram til samþykktar. Óskað er eftir því að borgarráð staðfesti skipan fulltrúa í stýrihópinn.

Stýrihópurinn hefur það hlutverk að leiða stefnumótun varðandi þátttöku Reykjavíkurborgar í Evrópusamstarfi um kolefnishlutlausar og snjallar borgir árið 2030.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf stýrihóps og starfshóps um Evrópusamstarf um kolefnishlutlausar og snjallar borgir árið 2030.

Verkefnislýsing – Staðfesting á verkefni.



## ERINDISBRÉF

### Stýrihópur og starfshópur um

### Evrópusamstarf um kolefnishlutlausar og snjallar borgir árið 2030

**Ábyrgðarmaður: Dagur B. Eggertsson**

#### Inngangur:

Reykjavíkurborg hefur hlotið þann heiður að verða valin til að taka þátt í Evrópusamstarfi um kolefnishlutlausar og snjallar borgir fyrir árið 2030. Markmið verkefnisins er að þátttökuborgirnar, 112 borgir, verði kolefnishlutlausar og snjallar árið 2030 og að þessar borgir verði miðstöðvar rannsókna og nýsköpunar til að gera öllum öðrum borgum í Evrópu kleift að verða kolefnishlutlausar og snjallar fyrir árið 2050.

Með þátttökunni er gert ráð fyrir víðtæku samstarfi við Evrópusambandið, íslenska ríkið, önnur sveitarfélög, einkaaðila, félagasamtök og ítarlegt samráð við íbúa.

Evrópusamstarfið gengur út á að nauðsynlegt sé að mæta loftslagsvánni með aðgerðum á vettvangi borga og með því að virkja almenning með lýðræðislegum hætti, sem neytendur, framleiðendur, notendur og eigendur. Lagt er upp með að samstarf innan borga sé formgert með sérstökum Loftslagsborgarsamningi, sem aðlagður skuli að hverri borg fyrir sig. Leiðangurinn hvílir á grunni Græna sáttmála Evrópusambandsins þar sem rík áhersla er lögð á lýðræðislegt samráð og nýjar aðferðir við að stýra verkefnum innan borga.

#### Hlutverk:

Hlutverk stýrihópsins er að leiða stefnumótun varðandi þátttöku Reykjavíkurborgar í Evrópusamstarfi um kolefnishlutlausar og snjallar borgir árið 2030

#### Helstu verkefni/viðfangsefni:

Verkefni	Tímarammi
Byggja upp víðtækt net um verkefnið til að tryggja framgang verkefnisins innan og utan borgarinnar, setur upp starfshóp og/eða undirhópa um afmörkuð verkefni innan borgarkerfisins og samráðshóp með ytri aðilum.	Haust 2022
Ákveða hvort sóst verði eftir því að verða Pilot City - alls 30 verkefni verða styrkt um 0,5 til 1,5 milljónir evra hvert	Skilgreina þarf verkefni og hóp í ágúst 2022. Kallið opnar 5. september 2022 og skil eru 4. nóvember 2022
Ákveða samþættingu við loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar	Fyrir árlegan loftslagsfund sem haldinn verður í nóvember 2022
Ákveða hvort tekið verði upp styttra og þjálfa nafn á verkefninu	Haust 2022
Taka þátt í mótun loftslagssamnings og ákveða hvaða áskorun / verkefni verði útgangspunkturinn í samráði við ráðgjafa Evrópusambandsins	Haust 2022
Endurskoða núverandi aðgerðaáætlun þar sem helstu aðgerðir (action portfolio) eru tengdar við fjárfestingaráætlun (investment plan)	Haust 2022



Skilgreina hvar bilið er stærst og hvaða fjármuni þarf til að loka því. Skilgreina hvert grunnviðmiðið er og skila því af okkur til ESB.	Veturinn 2022 – 2023 Skil þurfa að eiga sér stað um vorið 2023
Taka þátt í mótun loftslagssamnings. Gert er ráð fyrir að loftslagssamningar taki frá 6 mánuðum til 2 ára	Markmið að klára fyrir lok árs 2023
Tryggja að mælingum á framvindu sé skilað reglulega	Fyrstu skil þurfa að eiga sér stað um vorið 2025 og síðan áfram til enda leiðangursins 2030
Eftirfylgni og þróun verkefnisins	Til loka kjörtímabilsins

**Stýrihópin skipa:**

Dagur B. Eggertsson, formaður, borgarstjóri  
Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata  
Einar Þorsteinsson, oddviti Framsóknarflokksins  
Hildur Björnsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins  
Kolbrún Baldursdóttir, oddviti Flokks fólksins  
Líf Magneudóttir, oddviti Vinstri grænna  
Sanna Magdalena Mörtudóttir, oddviti Sósíalístaflokksins  
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, oddviti Viðreisnar

**Starfsmaður stýrihóps / verkefnisstjóri starfshóps:**

Hrönn Hrafnisdóttir, umhverfis- og skipulagssvið

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópur verður stýrihópnum innan handar sem mun m.a. vinna hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

**Starfstímabil og skil:**

Stýrihópurinn starfar fram að lok kjörtímabilsins 2026 en tryggir framgang verkefnisins til ársins 2030.

Reykjavík, [dags.]

Hjálagt:

Verkefnislýsing - Staðfesting á verkefni



## Staðfesting á verkefni

Lagalegur og annar grunnur verkefnis:

1. Úr meirihlutasáttmála 2022-2026: „Við viljum að öll ákvarðanatataka innan borgarinnar taki mið af markmiðum í loftslagsmálum og áhrifum ákvarðana á þau. Við viljum uppfæra aðgerðaráætlun og markmið í loftslagsmálum með það fyrir sjónum að setja fram metnaðarfullri áætlanir í tengslum við Evrópuverkefni um kolefnishlutlausar og snjallar borgir árið 2030.  
Við viljum gera loftslagssamning í samstarfi við ríkið, önnur sveitarfélög, atvinnulíf, fjárfesta, frumkvöðla, fyrirtæki og félagasamtök til að tryggja að þau metnaðarfullu markmið sem þurfa að nást nái fram að ganga.“
2. Yfirlýsing frá borgarstjóra um þátttöku í leiðangrinum, dags. 19. janúar 2022 sem var hluti af umsókn borgarinnar um að verða þátttakandi í loftslagsleiðangrinum.
3. Úr greinargerð með tillögu borgarstjóra sem var samþykkt í borgarráði 18. nóvember 2021:  
„Eftir að Græna planið var samþykkt í borgarstjórn í desember 2020 var komið á fót fjórum starfshópum sem myndaðir voru með fulltrúum frá ólíkum sviðum Reykjavíkurborgar en einnig fulltrúum B-hlutafyrirtækja sem borgin á hlut í. Þannig voru virkjaðir saman kraftar og þekking víða úr borgarkerfinu með það fyrir augum að takast á við áskoranir næsta áratugar, um orkuskipti, hringrásarhagkerfi, græn innkaup og fjármál og Evrópusamstarf á þessum sviðum. Starfshópurinn um Evrópusamstarf um kolefnishlutlausar og snjallar borgir 2030 hefur verið í samskiptum við fulltrúa Eurocities og Evrópusambandsins og lýst yfir áhuga Reykjavíkurborgar á þátttöku í verkefninu um að verða ein af 100 kolefnishlutlausum snjallborgum Evrópu árið 2030. Drög hafa verið lögð að umsókn og þess beðið að umsóknarskilmálar verði skýrari af hálfu Evrópusambandsins. Rökstuðningur Evrópusambandsins fyrir leiðangrinum, sem tekur sérstaklega til verkefna í borgum er að í borgum komi saman ólíkir straumar aðgerða í þágu kolefnishlutleysis; í orkumálum, samgöngumálum, byggingum, iðnaði og jafnvel matvælaframleiðslu. Nauðsynlegt sé að mæta loftslagsvánni með aðgerðum á vettvangi borga og með því að virkja almenning með lýðræðislegum hætti, sem neytendur, framleiðendur, notendur og eigendur. Þannig er lagt upp með að samstarf innan borga sé formgert með sérstöku Loftslagsborgasamningi, sem aðlagður skuli að hverri borg fyrir sig. Leiðangurinn sem hér er fjallað um hvílir síðan á grunni Græna sáttmála Evrópusambandsins (European Green Deal) sem miðar að því að ná kolefnishlutleysi í Evrópu fyrir árið 2050. Þá byggir Horizon Europe áætlunin á markmiðum sem Evrópusambandið hefur sett með samþykkt á fjárframlögum á árunum 2021-2027 og með samþykkttri sóknaráætlun í kjölfar kórónakreppunnar, Next Generation EU, þar sem teknar eru fyrir aðgerðir til að mæta áskorunum næstu áratuga og áhersla lögð á fjárframlög til rannsókna og nýsköpunar og ýmissa samfélagslegra forgangsverkefna. Í uppleggi að leiðangrinum, Horizon Europe Mission, Climate Neutral and Smart Cities 2030 – by and for the Citizens, er rík áhersla lögð á lýðræðislegt samráð og nýjar aðferðir í að stýra verkefnum innan borga. Megin hindrunin í vegi þeirra breytinga sem þurfa að verða til að mæta loftslagsvá, séu ekki skortur á tæknilausnum, heldur getan til að hrinda þeim í framkvæmd. Mælt er með því að borgir brjótist út úr lóðréttu skipulagi líkt og Reykjavíkurborg gerði við mótun Græna plansins. Í Horizon Europe er miðað við að kerfisbreyting verði gerð til að fjárfesta í aðgerðum gegn loftslagsvánni sem myndi byggja á þremur meginreglum – a) heildstæðri nálgun til að ýta undir nýsköpun og innleiðingu, b) ítarlegu virku samráði sem yrði byggt inn í skipulag og c) þétt samstarf milli ólíkra hagaðila. Þetta kallar á nýsköpun í stjórnsýslu til að ná samstarfi við einkageirann, háskólasamfélagið og frjáls félagasamtök.



<b>Heiti verkefnis</b>	Evrópusamstarf um kolefnishlutlausar og snjallar borgir fyrir árið 2030 – undirbúningur loftslagssamnings		
<b>Nr. verkefnis</b>			
<b>Bakhjarl</b>	Ólöf Örvarsdóttir USK	<b>Eigandi verkefnis</b>	Dagur B. Eggertsson
<b>Stýrihópur</b>	Oddvitar	<b>Starfshópur</b>	Ákvörðun stýrihóps
<b>Verkefnisstjóri</b>	Hrönn Hrafnisdóttir USK	<b>Tímabil:</b>	Til loka kjörtímabils 2026
<b>Lýsing verkefnis</b>	<p>Verkefnið snýst um að ná víðtæku samstarfi, fjármögnun og sátt um aðgerðir sem stuðla að því að Reykjavíkurborg nái að verða kolefnishlutlaus og snjöll árið 2030. Borgin hefur sett sér markmið um að verða kolefnishlutlaus árið 2040 og með þátttöku í leiðangrinum er verið að flýta því markmiði. Borgin mun hins vegar aldrei ná því markmiði án þátttöku og fjármögnunar frá ríki og einkageiranum og þátttöku íbúa.</p> <p>Verkefnið snýst um að taka þátt í vegferð, að þátttakendur læri og leggi sitt af mörkum til að kolefnishlutlaust samfélag verði eðlilegur hluti af daglegu lífi. Einnig að tengja fjárhagsáætlanir við loftslagsvæn verkefni þannig að þau verði að raunveruleika.</p> <p>Mælikvarðarnir eru skilgreindir af Evrópusambandinu og verða gróðurhúsalofttegundirnar CO<sub>2</sub>, CH<sub>4</sub>, N<sub>2</sub>O, F-göms SF<sub>6</sub> og NF<sub>3</sub>. Til einföldunar verða þær umreiknaðar í CO<sub>2</sub>ígg. Miðað er við að mæld sé losun í umfangi 1 og 2 og flokkarnir eru: byggingar, samgöngur, úrgangsmál, iðnaðarferlar og efnisnotkun (IPPU) og landbúnaður, skógrækt og önnur landnotkun (AFOLU). Gert er ráð fyrir að losun gróðurhúsalofttegunda í umfangi 3 verði hluti af mælikvörðunum frá og með árinu 2030.</p> <p>Evrópusambandið gerir kröfu um að þátttakendur og tengiliðir borgarinnar verði af fleiri sviðum en því sem ber ábyrgð á loftslagsmálum, m.a. fjármálasvið, miðlæg stjórnýsla og mannauðssvið. Fræðsla og samstarf fer fram í gegnum vefgátt (portal) sem búið er að setja upp á vegum Evrópusambandsins.</p> <p>Stuðningsaðili og ráðgjafi við þáttökuborgirnar af hálfu Evrópusambandsins er NetZeroCities í samstarfi við ICLEI, Eurocities og Climate KIC</p>		
<b>Dags. og höfundur</b>	26.07.2022 Hrönn Hrafnisdóttir		
<b>1. Markmið</b>	Að 112 borgir Evrópu verði kolefnishlutlausar og snjallar árið 2030 og er Reykjavíkurborg ein af þeim. Að tryggja að þessar borgir verði miðstöðvar rannsókna og nýsköpunar til að gera öllum öðrum borgum í Evrópu kleift að verða kolefnishlutlausar og snjallar árið 2050		
<b>2. Aðrir lykilaðilar</b>	Með þátttöku í leiðangrinum er gert ráð fyrir víðtæku samstarfi við Evrópusambandið, íslenska ríkið, önnur sveitarfélög, einkaaðila, félagasamtök og ítarlegt samráð við íbúa.		
<b>3. Umfang</b>	Leiðangurinn gengur út á að nauðsynlegt sé að mæta loftslagsvánni með aðgerðum á vettvangi borga og með því að virkja almenning með lýðræðislegum hætti, sem neytendur, framleiðendur, notendur og eigendur. Lagt er upp með að samstarf innan borga sé formgert með sérstökum Loftslagsborgarsamningi, sem aðlagður skuli að hverri borg fyrir sig. Leiðangurinn hvílir á grunni Græna sáttmála Evrópusambandsins		



	(European Green Deal ) þar sem rík áhersla er lögð á lýðræðislegt samráð og nýjar aðferðir við að stýra verkefnum innan borga.	
<b>4. Helstu verkáfangar</b>	<b>Dags. lok áfanga</b>	
Samkvæmt forskrift frá Evrópusambandi er hvatt til að byggja upp víðtækt net um verkefnið í þessari röð: 1. Tryggja framgang verkefnisins innan borgarkerfisins, setja upp stýrihóp og starfshóp innan borgarinnar „Internal Cities Mission Team“ 2. Setja upp samráðshóp innan og utan borgar „City Wide Transition team“ 3. Samráðshópur / stýrihópur við ríkið og önnur sveitarfélög „Multi level governance“	Fyrirkomulag innan borgarkerfisins þarf að vera tilbúið fyrir september 2022 – þá hefst ráðgjöfin frá NZC Gert er ráð fyrir að uppleggið að lið 2 og 3 verði unnið haustið 2022	
Ákveða hvort sóst verði eftir því að verða Pilot City (sem yrði þá einnig hluti af verkefninu og hefur aðgang að sömu vefgátt) - alls 30 verkefni verða styrkt um 0,5 til 1,5 milljónir evra hvert	Skilgreina þarf verkefni og hóp í ágúst 2022. Kallið opnar 5. september 2022 og skil eru 4. nóvember 2022	
Ákveða samþættingu við loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar	Fyrir árlegan loftslagsfund sem haldinn verður í byrjun nóvember 2022	
Ákveða hvernig loftslagssamningurinn verður og hvaða áskorun / verkefni verði útgangspunkturinn í samráði við ráðgjafa Evrópusambandsins	Haust 2022	
Uppfæra aðgerðaáætlun þar sem aðgerðir (action portfolio) eru tengd við fjárfestingaráætlun (investment plan)	Haust 2022	
Skilgreina hvar bilið er stærst og hvaða fjármuni þarf til að loka því. Skilgreina hvert grunnviðmiðið er og skila því af okkur til ESB.	Veturinn 2022 – 2023 Skil þurfa að eiga sér stað um vorið 2023	
Gert er ráð fyrir að gerð loftslagssamnings taki frá 6 mánuðum til 2 ára (hægt að hafa mismunandi stig)	Markmið að ljúka fyrir lok árs 2023	
Vinna áfram að mælingum út frá grunnviðmiðum og skila mælingum af okkur reglulega	Fyrstu skil þurfa að eiga sér stað um vorið 2025 og síðan áfram til enda leiðangursins 2030	
Eftirfylgni og þróun verkefnisins, uppfærsla mælikvarða og uppfærsla loftslagssamnings á 1-2 ára fresti	2030	
<b>5. Ávinningur</b>	<b>Fjárhagslegur</b> Veitir aðgang að styrktarmöguleikum þar sem heildarpotturinn er 360 milljón evra á árunum 2022-2023 auk þátttöku í afmörkuðum köllum	<b>Annar</b> Tækifæri til að styðja íslenskt samfélag í átt að kolefnishlutlausri framtíð og hafa áhrif til að draga úr loftslagsbreytingum í Evrópu og víðar.
<b>6. Áhætta</b>	<b>Ytri</b> <ul style="list-style-type: none"><li>Skortur á vilja til þátttöku</li><li>Skortur á getu kerfisins til þess að taka miklum breytingum – formfastir innviðir og venjur</li></ul> „Megin hindrunin í vegi þeirra breytinga sem þurfa að verða til að mæta loftslagsvá er ekki skortur á tæknilausnum, heldur getan til að hrinda þeim í framkvæmd.“	<b>Innri</b> <ul style="list-style-type: none"><li>Skortur á vilja til þátttöku</li><li>Skortur á mannauði (starfsfólki og þekkingu og skortur á eyrnamerknum tíma) til að styðja við umbreytinguna bæði hjá stoðsviðum og fagsviðum</li></ul>



7. Mat á virði	Einkunn	Athugasemd
8. Athugasemdir		
9. Greinargerð	Já	Nei
10. Kostnaðarstaður	Umhverfis- og skipulagssvið, Loftslagsmál, U0200	

Skjal þetta ber að samþykkja með formlegum hætti, eftir atvikum í gegnum samþykktarferli í Project-in-a-Box (PIAB) verkefnisstjórnunarhugbúnaði eða ef PIAB er ekki í notkun hjá viðskiptavin, eiganda verkefnis og/eða verkefnisstjóra með undirskrift eða skráningu í fundargerð.

### Tilvísun

LBP-002 Staðfesting á verkefni  
EBP-002 Hagsmunaðilagreining  
EBP-017 Beiðni um breytingar  
EBP-018 Samþykkt breytinga  
LBP-001 Hæfniskröfur til verkefnisstjóra  
EBP-006 Mat á virði verkefnis

---

Breytingar á skjali frá fyrri útgáfu:

#### Útg. 1: 03.06.2016

- Nýtt skjal.